

Míla hf.
B.t. Erik Figueras Torras, forstjóra
Stórhöfða 22-30
110 Reykjavík

Reykjavík, 29. febrúar 2024

Tilvísun: 2022020045/12.3.1

Efni: Tilkynning – Áframhaldandi gildi kvaða á Mílu til bráðabirgða

1. Bakgrunnur

Fjaraskiptastofa (FST) vísar til fyrri samskipta við Mílu hf. (Míla) í tengslum við yfirstandandi markaðsgreiningu á heimtauga- og bitastraumsmörkuðum (M3a og M3b). Um er að ræða markaðsgreiningu, sbr. ákvörðun nr. 5/2021, sem úrskurðarnefnd fjaraskipta- og póstmála (ÚFP) lagði fyrir FST að endurtaka eftir að ákvörðun stofnunarinnar hafði verið breytt með úrskurði í kærumáli nr. 3/2021 frá 29. desember 2022. Samkvæmt úrskurðinum skyldi greiningunni lokið fyrir 15. september 2023.

Fljótlega eftir að greiningarvinnan hófst varð ljóst, eftir óformlegt samráð við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), að breyta þyrfti forsendum við mat á staðgönguáhrifum, þ.e. að taka þyrfti tillit til staðgöngu háhraða farnetsþjónustu á heimtauga- og bitastraumsmörkuðum. FST gat því ekki nema að hluta til byggt á fyrri markaðgreiningu hvað þetta varðar. Þá reyndist ný aðferðafræði við landfræðilega greiningu markaðanna vera flóknari og tímafrekari en vonir stóðu til. Þetta tvennt varð til þess að fyrirséð var að FST myndi ekki ljúka markaðsgreiningunni innan settra tímamarka. Til að eyða óvissu um það réttarástand sem tæki við eftir þann 15. september tók FST ákvörðun til bráðabirgða, þann sama dag, nr. 9/2023. Með ákvörðuninni voru lagðar kvaðir á Mílu til bráðabirgða og þeim markaður gildistími til 1. mars 2024.

Á vinnslutíma markaðsgreiningarinnar hefur FST efnt til þriggja samráða, þ.e. um markaðsgreininguna, fyrirhugaða álagningu kvaða og útfærslu þeirra og núna síðast um afmarkaða þætti er lutu að álitamálum um *hrein heildsölufyrirtæki* (e. Wholesale-only) og aðrar minniháttar breytingar.

2. Staða máls

Nýlega lauk FST vinnu við að svara athugasemdum aðila úr síðasta samráði. Vinna við markaðsgreininguna er nú lokið, nema að því er varðar úrvinnslu á mögulegum athugasemdum ESA. Allur texti ákvörðunardraganna, og viðeigandi viðauka hefur verið þýddur af löggiltum skjalapýðendum svo unnt sé að hefja formlegt samráðsferli við ESA. Markaðsgreiningin er því tilbúin til formlegs samráðs við ESA sem mun taka sér 30 daga til að skrifa álit/umsögn um hana.

3. Formlegt samráð við ESA

Á vinnslutíma markaðsgreiningarinnar hefur FST verið í reglubundnu óformlegu samráði við ESA um alla þætti markaðsgreiningarinnar. Á síðasta fundi með ESA, þann 20. febrúar 2024, var rætt um tímasetningu á tilvonandi tilkynningu FST til ESA um markaðsgreininguna. Vegna

verkefnastöðu hjá ESA gerði stofnunin FST grein fyrir því að hún gæti ekki tekið við markaðsgreiningunni til samráðs fyrr en eftir páska, en FST hafði gert sér vonir um að formlegt samráð gæti hafist eigi síðar en 29. febrúar 2024. FST telur óhjákvæmilegt fyrir stofnunina að taka tillit til þessarar beiðni ESA. FST hefur því tilkynnt ESA að stofnunin muni tilkynna formlega um markaðsgreininguna þann 2. apríl nk.

4. Aldrei kvaðalaust tímabil án markaðsgreiningar

Fyrirnefnd bráðabirgðaákvörðun FST nr. 9/2023 var kærð til ÚFP. Í kærumáli nr. 1/2023, dags. 20. desember 2023, var ítarlega fjallað um lagaumhverfi markaðsgreininga í fjarskiptum, einkum hvað varðar forsendur fyrir álagningu og afnámi kvaða. Við skoðun á ákvæðum fjarskiptalaga og reglugerð um markaðsgreiningar var það niðurstaða ÚFP að aldrei gæti myndast kvaðalaust ástand ef ákvörðun FST um álagningu kvaða yrði felld úr gildi. Við slíkt tæki þá við fyrra réttarástand varðandi kvaðir sem ríktu fyrir hina ógiltu ákvörðun.

Að áliti FST gildir framangreind niðurstaða ÚFP einnig fyrir þær kvaðir sem lagðar voru á með ákvörðun FST til bráðabirgða nr. 9/2023. Falli sú ákvörðun úr gildi við tímamörk gildistíma hennar þann 1. mars nk. er það álit FST að þá muni kvaðir samkvæmt fyrri markaðsgreiningu stofnunarinnar, sbr. ákvörðun nr. 5/2021, öðlast gildi á ný, enda var sú ákvörðun ekki ógilt með úrskurði ÚFP í kærumáli nr. 3/2021, heldur var henni einungis breytt með afmarkaðan gildistíma til 15. september 2023 sem nú er liðinn. Ákvörðun FST nr. 5/2021 var tekin áður en að veigamiklar breytingar áttu sér stað á fjarskiptamarkaði með sölunni á Mílu út úr Símasamstæðunni til franska fjárstýringarfyrirtækisins Ardian.

5. Framlenging á gildistíma kvaða

Að mati FST væri það meira íþyngjandi fyrir Mílu að kvaðir samkvæmt ákvörðun FST nr. 5/2021 myndu gilda á ný fremur en að kvaðir samkvæmt bráðabirgðaákvörðun nr. 9/2023 myndu halda áfram gildi sínu. Útfærsla á þeim kvöðum taka mið af því að ekki séu lengur til staðar lóðrétt samþætting í fjarskiptastarfsemi Mílu og byggja auk þess á frumniðurstöðum nýrrar landfræðilegrar greiningar á samkeppnisaðstæðum í öllum sveitarfélögum landsins í stað landsins alls, sem teljast verður hagstæðara fyrir Mílu.


FST telur að öll skilyrði fyrir töku bráðabirgðaákvörðunar séu fyrir hendi, sbr. 18. gr. laga nr. 75/2021, sbr. og 56. gr. reglugerðar nr. 556/2023 um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta, eins og nánar er rakið í fyrri bráðabirgðaákvörðun FST nr. 9/2023. Til frekari stuðnings fyrir því er jafnframt vísað til niðurstöðu ÚFP í kærumáli nr. 1/2023.

Með tilliti til alls framangreinds hefur FST ákveðið, til bráðabirgða, **að framlengja kvaðir á Mílu samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar nr. 9/2023 þangað til endanleg ákvörðun í yfirstandandi markaðsgreiningu á heimtauga- og bitastraumsmörkuðum liggur fyrir.** Með hliðsjón af niðurstöðu ÚFP í kærumáli nr. 3/2017, um að binda skuli bráðabirgðaákvörðanir ákveðinn gildistíma, er bráðabirgðaákvörðuninni þó ákveðinn gildistími til **1. júní 2024.** Það tímamark mun þoka ef ákvörðun um endanlega markaðsgreiningu verður tekin fyrir þann tíma.

Þar sem ákvörðun þessi bindur ekki enda á stjórnsýslumál, sem ennþá er til meðferðar hjá FST, er hún ekki kæranleg til ÚFP, sbr. niðurstöðu í úrskurði ÚFP í kærumáli nr. 1/2023.

Tilkynnist þetta hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. Fjarskiptastofu


Björn Geirsson, f.h. forstjóra